

## Fundargerð háskólaráðs

339. fundur þann 13. desember 2013

Fundaerbergi 402, Borgum, kl. 10.25-13.15

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 10.25.

Mættir voru auk hans:

Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins

Hallur Gunnarsson varafulltrúi menntamálaráðherra

Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs, á Skype

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Úlfar Hauksson forstöðumaður

Forföll boðuðu:

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda,

Aníta Einarsdóttir varafulltrúi nemenda,

Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Rektor kynnti dagskrá.

### 1. Fundargerð, mál til kynningar

*"[málsnúmer]"*

Fundargerð 338. fundar var samþykkt.

### 2. Rekstraryfirlit janúar-nóvember

*1303027*

Úlfar útskýrði yfirlitið. Staða fræðasviða er 99,19% af áætlun, staða stjórnsýslu og stoðþjónustu er 83,56% af áætlun og staða ýmissa verkefna er 66,46% af áætlun.

Í heild eru það 89,86% af áætlun en viðmiðið er 91,66%.

Eftir er að færa tekjur vegna rannsóknamissera og einhverjar tekjur af verkefnum á móti



kostnaði fræðasviðanna. Rekstur stofnana og setra með eigin tekjur er í jafnvægi. Útlit er fyrir að afkoma skólans í árslok verði í samræmi við áætlun.

### 3. Rekstraráætlun 2014

*1305007*

Úlfar gerði grein fyrir rekstraráætlun 2014, rekstrarreikningi án undirstofnana. Áætlaður afgangur af rekstri er kr. 1.254.154. Úlfar skýrði út helstu forsendur áætlunarinnar. Niðurskurður á framlagi til háskólans milli ára er um 1,5%. Úlfar gerði grein fyrir sparnaðaraðgerðum sem ákveðnar eru til að mæta því. Umræður urðu og svöruðu Úlfar og Ólafur fyrirspurnum varðandi rekstraráætlunina. Fram kom að á næsta ári verður minna svigrúm innan áætlunar en á fyrri árum.

Í árslok 2013 verður uppsafnaður rekstrarhalli háskólans kominn niður í um 20 mkr. Ráðuneytið gerir ekki lengur kröfu um að háskólinn skili afgangi frá rekstri til að greiða upp i uppsafnaðan halla.

Í umræðu kom fram að hjá verkefnisstjórn um samstarf opinberu háskólanna er í forgangi árið 2014 að ljúka þeim endurbótum á Uglunni upplýsingakerfi sem enn valda vandræðum, m.a. í Háskólanum á Akureyri.

Háskólaráð lýsti ánægju með að tekist hefur að gera raunhæfa rekstraráætlun fyrir 2014 og ná niður uppsöfnuðum halla. Rekstraráætlun 2014 var samþykkt einróma.

### 4. Ráðningamál rektors

*1401153*

Rektor greindi frá því að haft var samband við hann frá menntamálaráðuneytinu varðandi skipunartíma rektors, en skipun Stefáns B. Sigurðssonar rennur út 1. júlí 2014. Samkvæmt 23. gr. laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ber að tilkynna embættismönnum eigi síðar en 6 mánuðum áður en skipunartími þeirra rennur út hvort embættið verður auglýst laust til umsóknar.

Rektor kvaðst óska eftir að gegna embættinu áfram eftir 1. júlí 2014 og fylgja eftir árangri sem náðst hefur á ýmsum sviðum háskólastarfsins.

Rektor vék af fundi og tók Hjörleifur Einarsson við fundarstjórn.

Með vísun til 8. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og 5. gr. reglna nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri fjallar háskólaráð um ráðningu rektors, hvort auglýsa skuli

SKS  
MK  
RJK  
MK

stöðuna lausa þegar skipunartími rektors rennur út.

Ráðningamál rektors voru ekki á upphaflegri dagskrá háskólaráðs. Sökum þess að háskólaráðsfulltrúar höfðu ekki ráðrúm til að kynna sér lög og reglur sem gilda um málið og ennfremur vegna þess að tveir aðalfulltrúar eru fjarverandi, var ákveðið að fresta umfjöllun og boða til sérstaks fundar um málið. Ákveðið var að halda fundinn fimmtudaginn 19. desember kl. 14. Hann verður boðaður og eitt mál á dagskrá.

Rektor kom á fundinn og greindi Hjörleifur honum frá niðurstöðu fundarins.

Rektor tók við fundarstjórn.

#### 5. Stofnanaúttekt 2014, staða mála

"[málsnúmer]"

Rektor greindi frá undirbúningi að stofnanaúttekt á HA sem fer fram í mars á næsta ári. Gæðastjóri heldur utan um stýrihóp um stofnanaúttektina. Uppkasti að skýrslu, *Reflective analysis*, verður skilað til Norman Sharp, formanns úttektarhóps Quality Board, á næstu dögum og mun hann senda viðbrögð við henni. Lokaskil skýrslunnar til Quality Board eru 15. janúar nk. Úttektarferlið er skipulagt í þrepum og því lýkur í september á næsta ári.

Stofnanaúttekt er mat á starfshæfi skólans og mjög mikilvægt að vel takist til um allan undirbúning. Ferlið er gæðaumbótamiðað. Stýrihópurinn hefur mótað kerfi sem unnið er eftir og sjálfsmatsúttektir deilda hafa þegar reynst mjög nytsamlegar.

#### 6. Skipun formanns rannsóknasjóðs HA

1301008

Kristinn P. Magnússon prófessor hefur afsalað sér setu og formennsku í stjórn rannsóknasjóðs. Rektor gerði tillögu um að Erna Indriðadóttir stjórnsýslufræðingur yrði skipuð formaður rannsóknasjóðs í staðinn. Háskólaráð samþykkti það.

#### 7. Skipun varafulltrúa háskólaráðs í háskólaráð

1203064

Rektor greindi frá að skipa þarf varafulltrúa í háskólaráð í stað Sigrúnar Stefánsdóttur sem hefur tekið við stöðu forseta hug- og félagsvísindasviðs. Óskaði hann eftir hugmyndum frá

HR  
ALB  
SRS

háskólaráðsfulltrúum og var rektor falið að hafa samband við viðkomandi um að taka að sér sæti varafulltrúa háskólaráðs í háskólaráði.

8. Umsókn um heimild til að bjóða upp á doktorsnám við HA, staða mála  
1302059

Rektor greindi frá undirbúningi umsóknar. Samráðsnefnd um framhaldsnám hefur unnið mjög gott starf við undirbúninginn. Umsóknin fer nú til yfirlstrar hjá sérfræðingi og er búist við að hún verði tilbúin um miðjan janúar.

9. Reglur um doktorsnám og doktorspróf við HA, sérreglur heilbrigðisvísindasviðs  
1211055

Rektor kynnti reglurnar sem eru í drögum. Þær eru til fyllingar reglum háskólans og munu fylgja umsókn um heimild til doktorsnáms við HA. Háskólaráð samþykkti reglurnar sem drög og óskaði eftir að þær yrðu merktar sem slíkar.

10. Reglur um doktorsnám og doktorspróf við HA, sérreglur viðskipta- og raunvísindasviðs.  
1211055

Rektor kynnti reglurnar sem eru í drögum. Þær eru til fyllingar reglum háskólans og munu fylgja umsókn um heimild til doktorsnáms við HA. Háskólaráð samþykkti reglurnar sem drög og óskaði eftir að þær yrðu merktar sem slíkar.


11. Önnur mál

Rektor greindi frá niðurstöðu héraðsdóms Norðurlands í máli gegn Végeirsstaðasjóði sem er vistaður hjá Háskólanum á Akureyri. Rakti hann tildrög þess að höfðað var mál vegna eignarhalds á tilteknu sumarhúsi á jörðinni. Ríkislögmaður fer með málið fyrir hönd HA. Ekki er ljóst hvort málinu verður áfrýjað.

Rætt var um skráningu nemenda í námskeið í Uglunni en sú virkni er ekki í lagi og veldur miklum vandræðum á fræðasviðunum. Fram kom að Háskóli Íslands notar hliðarkerfi til þessarar skráningar sem er hagstæðara.

Ákveðið var að halda næsta reglulega háskólaráðsfund 22. janúar kl. 12.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.15.

The image shows several handwritten signatures in black ink. On the left, there is a large, stylized signature that appears to be 'Hjálleifur'. To its right, there is another signature that reads 'Hanna Gunnfórnadóttir'. Below these, there are several other smaller, less legible signatures.